

Endurhæfingar- og átaksverkefni velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

1. Grettistak, Karlasmíðja og Kvennasmíðja

Markhópur átaksverkefnanna eru notendur með langavarandi félagslega erfiðleika, sem hafa verið utan vinnumarkaða í lengri tíma og/eða eru með brotna eða litla skólagöngu. Þátttakendur í átaksverkefnunum fá áður endurhæfingarlífeyri frá TR. að uppfylltum skilyrðum þar að lútandi.

Grettistak:

- Ætlað þeim sem hafa glímt við fíknivanda en hafa lokið meðferð, eru eldri en 18 ára og hafa vilja og löngun til að lifa án vímuefna

Karlasmíðja:

- Ætluð körlum á aldrinum 25 – 55 ára, sem hafa þörf og löngun til að bæta lífsgæði sín með þátttöku í námi, hópastarfi, einstaklingsvinnu og starfskynningum

Kvennasmíðja:

- Ætluð mæðrum með börn á framfæri á aldrinum 25 – 45 sem hafa vilja og þörf fyrir að takast á við að breyta aðstæðum sínum og bæta félagslega stöðu sína

Átaksverkefnin eru byggð upp á svipaðan hátt, þ.e. stýrihópur skipaður fulltrúum allra

2. Bataskólinn

Nám í Bataskólanum er ætlað fólki, 18 ára og eldri, með geðrænar áskoranir, aðstandendum þeirra og starfsfólki á heilbrigðis- og velferðarsviði. Bataskólinn býður upp á úrval af skemmtilegum og fjölbreytilegum námskeiðum, samin af og flutt af fólki með fjölbreytilegan bakgrunn sem á það þó sameiginlegt að hafa brennandi áhuga á námsefninu. Engin próf eru í skólanum og einu kröfurnar sem gerðar eru til nemenda er jákvætt viðhorf og virðing fyrir starfsfólki og samnemendum.

3. IPS (Individual Placement and Support)

Starfsendurhæfing fyrir fólk sem hefur ekki verið lengi á vinnumarkaðnum af ýmsum ástæðum og þarf stuðning til að komast þangað. Velferðarsvið er að innleiða þessa aðferð fyrir þá sem hafa verið með fjárhagsaðstoð til framfærslu og þeirra sem hafa tekið þátt í átaksverkefnum. Markmiðið er að fólki bjóðist störf og fái til þess stuðning og eftirfylgd frá atvinnuráðgjafa og vinnuveitanda.

4. Tinna

Verkefni Tinnu er að veita einstæðum foreldrum sem eru með langvarandi félagslegan vanda og börnum þeirra heildstæða þjónustu. Meginmarkmið með Tinnu verkefninu er að bjóða upp á fjölpætta þverfaglega þjónustu ólíkra aðila innan velferðar-, heilbrigðis-, og menntakerfis auk virkni og atvinnumiðlunar með áherslu á að rjúfa félagslegan arf fátæktar.

Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs bjóða einnig uppá tilfallandi hópastarf hverju sinni.